

# NAVEE Electric Scooter

IC Notkunarleiðbeiningar

SPU: V40i Pro/V50i Pro



# 1. Öryggisleiðbeiningar

**MIKILVÆGT!** Vinsamlegast lesið leiðbeiningar vandlega fyrir notkun og geymið leiðbeiningarnar. Fyrir ítarlegar rafleiðbeiningar, vinsamlegist farið á [www.naveetech.com](http://www.naveetech.com)

- Þetta raftæki er ekki ætlað til notkunar fólks (þar á meðal barna) með skerta líkams-, skynjunar eða andlega getu, eða skort á reynslu og þekkingu, nema undir eftirliti og leiðbeiningum notkunnar raftækisins frá ábyrgðaraðila.

**B**örn skulu vera undir eftirliti til að tryggja rétta notkun tækisins.

- Þetta raftæki er fyrir notendur eldri en 8 ára sem búa yfir fullnægjandi líkamlegri og andlegri heilsu til að nota tækið. Notendur sem skortir líkamlega eða andlega heilsu til að nota tækið skulu vera undir eftirliti ábyrgðaraðila og skulu vera fræddir um notkun tækisins á öruggan hátt svo hættur tækisins séu skýrar.

- **B**örn skulu ekki leika með tækið. Þrif og viðhald notanda skal ekki vera framkvæmt af börnum án eftirlits.

- **E**inungis skal nota straumbreyti sem fylgir tækinu.

- **A**ður en þú ekur hjólinu, athugaðu vinsamlegast að nota ávallt hjálm, handa/úlnliðahlífur, hnéhlífur, olnbogahlífur og annar hlífðarbúnað.

- **S**kútan er einungis fyrir eina manneskju. Það er skylda að klæðast ávallt skóm. **E**kki afvegaleiða notkun farartækisins.

Þessi vara er eingöngu fyrir persónulega notkun og er ekki ætluð til loftfímeika.

- **M**ælt er með að notendur séu eldri en 16 ára og yngri en 50 ára. **F**ólk sem skal ekki nota vöruna er meðal annars (1) fólk undir áhrifum áfengis eða vímuefna, (2) fólk sem getur ekki stundað líkamsrækt sökum líkamlegrar heilsu, (3) fólk sem á erftitt með að halda jafnvægi, (4) fólk sem fer yfir þyngdarmörk tækisins, (5) óléttar konur, (6) fólk með skerta sjón- eða heyragætu.

- **F**ylgið gildandi lögum og reglugerðum við notkun tækisins. **E**kki nota tækið þar sem lög banna notkun tækisins.

- Vinsamlegast tryggjið að fylgja öryggiskröfum bílstjóra skv. þessum leiðbeiningum þegar tækið er notað í löndum eða svæðum þar sem engin viðeigandi lög eða reglugerðir fyrir rafskútur eru í gildi. Brightway Intelligent Technology (Suzhou) Co., Ltd. ber enga ábyrgð á eignatjónu, persónulegu tjóni, slysum, laga ádeilum og öllum öðrum ávarlegum atburðum sem má rekja til óeðlilegrar notkunar tækisins samkvæmt þessum leiðbeiningum.

- Ekki nota skútuna á umferðarakreinum eða íbúðahverfum þar sem farartækjum og vegfarendum er leyft að vera. Þegar farið er í gegnum svæði þar sem vegfarendur eiga forgang, líkt og göngugötum og gangbrautum, vinsamlegast stigið af rafskútunni og reiðið skútuna.

- Ekki velja staði þar sem börn, vegfarendur, gæluðyr, farartæki, reiðhjól eða aðrar hindranir og mögulegar hættur gætu skapast þegar skúta er notuð í fyrsta sinn.

- Nauðsynlegur undirbúningur fyrir notkun á þessari vöru inniheldur: að tryggja það að stýrikerfið sé rétt stillt, að allar tengdur viðbótarbúnaður (t.d. fellibúnaður) sé rétt hertur og óskaddaður, og að hemlar og stýri séu í góðu ástandi.

- Athugið rafskútuna lauslega fyrir hverja notkun. Hættið umsvifalaust notkun og hafið samband við fagaðila ef

- eitthvað virðist óeðlilegt, svo sem lausir hlutar, rafhlöðuviðvaranir, sprungin eða illa farin dekk, undarleg hljóð, bilanir eða aðrir óeðlilegir hlutir gera vart við sig.
- Nauðsynlegur undirbúningur fyrir notkun á þessari vöru inniheldur: að tryggja það að stýrikerfið sé rétt stillt, að allar tengdur viðbótarbúnaður (t.d. fellibúnaður) sé rétt hertur og óskaddaður, og að hemlar og stýri séu í góðu ástandi.
  - Notendur þurfa að geta séð skýrt hvað er á vegi þeirra og þurfa að vera auðsynlegir öðrum til að tryggja örugga notkun tækisins.
  - Notið ekki skútuna í slæmum veðurskilyrðum, skertri vegsýn eða eftir mikla áreynslu.
  - Kveiktu á framljósinu og hægðu á þér þegar þú keyrir í myrkri.
  - Gakktu úr skugga um að sparkstandurinn sé staðsettur á flötu yfirborði og að hlaupahjólid sé nógu stöðugt til að standa eitt og sér áður en þú yfirgefur það.
  - Þessi rafskúta er ætluð til skemmtunar. Þrátt fyrir það skal líta á skútuna sem farartæki þegar skútan er notuð innan um almenning og skal hafa í huga mögulegar hættur líkt og þegar önnur farartæki eru notuð. Sé þessum leiðbeiningum fylgt í hvívetna má koma í veg fyrir tjón á sjálfum þér og öðrum.
  - Notandi skal athuga notkunar reglur samkvæmt gildum lögum. Notið skútuna á vegum eða svæðum sem lög leyfa notkun rafskútuna og leggið skútnni þar sem lög leyfa. Ef lög og reglugerðir stangast á við eiginleika rafskútnunnar skal lögum og reglugerðum vera fylgt. Vinsamlegast virðið og fylgjið lögum og reglum farartækja.
  - Virðið forgang vegfarenda. Ekki gera neinum bylt við á meðan skútan er notuð, sér í lagi börnum. Notið bjöllu þegar keyrt er fyrir aftan vegfarendur til að láta vegfarendur vita af þér, hægðu á hraðanum og taktu fram úr á vinstri hlið vegfarenda og haltu þér á hægri hlið vegar á meðan þú keyrir hægt fram úr þeim (gildir í löndum þar sem hægri-umferð er í gildi). Þegar þú keyrir í gegnum hóp vegfarenda, haltu þér á eins lágum hraða og hægt er eða reyddu skútuna.
  - Vertu vakandi fyrir stefnu skútnunnar og hraða þínun í samkvæmi við umferðarlög eins vel og hægt er. Láttu vegfarendur og reiðhjólafólk vita af þér þegar þú nálgast þau í tilvikum þar sem hvorki sést né heyrast í þér. Forðist mikla umferð eða mikla mannþröng.
  - Of hraður akstur eða akstur sem hæfir ekki akstursskilyrðum (svo sem veðurskilyrðum, yfirborðsskilyrðum) gæti valdið því að notandi missi stjórn á farartækinu. Fylgið öllum leiðbeiningum til að minnka áhættu í notkun. Sýnið aðgát þegar stigið er á tækið eða það tekið í sundur, það gæti dottið og valdið líkamstjóni.
  - Mikíð er um hindranir í innanbæjarakstri, svo sem vegkanntar og þrep. Mælt er gegn því að reyna að stökva yfir hindranir. Mikilvægt er vera vakandi yfir umhverfi notandans og minnka hraða niður í gönguhraða þegar slíkar hindranir eru í vegi notandas. Einnig er mælt með því að stíga af farartækinu séu hindranir hættulegar í eðli sínu.
  - Ekki lána skútuna neinum sem þekkir ekki til hjólsins. Vinsamlegast gangið úr skugga um að lántaki lesi notkunarleiðbeiningar, horfi á leiðbeiningarmyndband skútnunnar og skilji grundvallar atriðin áður en skútan er lánuð öðrum. Minntu aðra á að klæðast öryggisbúnaði til að tryggja öryggi þeirra.
  - Hefðu samband við sölufulltrúa til að nálgast þjálfara.
  - Passaðu alltaf upp á þig og aðra.
  - Þyngd sem geymd er á handfang hefur áhrif á jafnvægi farartækisins.
  - Snertið ekki bremsukerfið þar sem í því eru beittar brúnir sem gætu valdið líkamstjóni. Bremsan gæti hitnað í notkun. Snertið ekki eftir notkun.
  - A-þyngdarflokks hljóðmengun skútnunnar er minni en 70dB(A)
  - Mælt er með að yfirfara skútuna reglulega til að gera notkun hennar sem þægilegasta.

- Fjarlægjið beittar brúnir sem gætu orsakast af notkun.
- Aukahlutir eða viðbætur sem eru ekki samþykktar af framleiðanda skulu ekki vera notaðar.
- Reglulegt viðhald á ökutækinu er öryggisþáttur.
- Skrifur með sjálfvirka herslu sem og aðrar festingar með sjálfvirka herslu gætu misst þá virknigetu og gæti þurft að herða þær aftur.
- Athugið reglulega þéttleika ýmissa hluta skútunnar, þar af sérstaklega öxlana, samanbrjótanleika skútunnar, stýrisbúnaðinn og bremsuferfið.
- Ekki eiga við eða breyta farartækinu, þar á meðal stýrisstöngina og ermina, stammann og búnaðinn sem brýtur farartækið saman eða afturbremsuna.
- Ekki gera neinar breytingar eða lagfæringar sem ekki koma fram í leiðbeiningum.
- Tryggið að slökkt sé á skútunni þegar hún er í flutningi og notið upprunalegu umbúðir skútunnar ef hægt er.
- Vinsamlegast lesið leiðbeiningar vandlega fyrir notkun og geymið leiðbeiningarnar til að forðast rafstraum eða slys sem eldur eða rafstraumur kann að valda sökum óeðlilegrar notkunar
- Vinsamlegast notið þessa vöru samkvæmt leiðbeiningum í Notkunarleiðbeiningum. Notendur bera ábyrgð á tjóni eða skaða sem þeir kunna að hljóta stafi þeir af óeðlilegri notkun vörunnar.
- Slökktu á ökutækinu meðan á hleðslu stendur eða í ákveðinn óvirkan hátt.
- Ekki hlaða tækið ef hleðslukapall eða hleðsluinnstunga er blaut. Lesið leiðbeiningar vandlega áður en tækið er hlaðið.
- Ekki hlaða skútunna þar sem hitastig er meira en 40°C eða lægra en 0°C.
- Vinsamlegast haldið öruggri fjarlægð og hafið nóg bil á milli þegar hjólinu er ekið á sléttum/hallalausum vegi. Hemlunarvegalengdin mun aukast í blautu veðri.
- Höggdeyging þessarar vöru er ekki stillanleg (ef við á).
- Tækið er ekki ætlað til notkunar í hæðum yfir 2000 m hæð yfir sjávarmáli.
- Tækið skal aftengt aflgjafanum meðan á þjónustu stendur og þegar skipt er um íhluti.
- Ekki er hægt að skipta um ytri sveigjanlega snúru þessa spennubreytis (hleðslutækis); ef snúran er skemmd, skal henda spennubreytinum (hleðslutækinu)
- Ef ytri snúran á þessum spennubreyti er sködduð, skal framleiðandi, þjónustuaðili hans, eða aðili sem uppfyllir svipuð skilyrði skipta henni út til að koma í veg fyrir hættu.
- Ef snúran er sködduð, skal framleiðandi, þjónustuaðili hans, eða aðili sem uppfyllir svipuð skilyrði skipta henni út til að koma í veg fyrir hættu.
- Þessi vara inniheldur rafhlöður sem aðeins er hægt að skipta út af viðurkenndum tæknimönnum eða þjónustum eftir sölu.
- Þetta tæki inniheldur rafhlöður sem aðeins fagaðilar geta skipt um.

**VIÐVÖRUN: Notið aðeins aflosanlega straumbreytinn sem fylgir raftækinu þegar rafhlaðan er hlaðin. Ekki nota hleðslutæki sem ætlað er öðru tæki. Haldið öruggri fjarlægð frá eldfimum hlutum og efnum þegar tækið er hlaðið.**

- **VIÐVÖRUN:** Ekki nota rafhlöðu eða hleðslutæki sem var fengið frá þriðja aðila. Notið aðeins LI-0554200130NA hleðslutæki.
- **VIÐVÖRUN:** Haldið plast ábreiðu í burtu frá börnum til að forðast köfnun.
- **VIÐVÖRUN:** Notið vöruna aldrei nálægt vatni.
- **VIÐVÖRUN:** Hættið notkun vörunnar ef hún er skemmd.
- **VARÚÐ!** Farartæki verða fyrir miklu álagi og veðrun. Ólíkir hlutar og efni rafskútunnar kann að bregðast við notkun og álagi á ólíkan hátt. Sé áætluðum líftíma varahluta lokið gæti varahlutinn skyndilega eyðilagst og stofnað heilsu notanda í hættu. Sprungur, rispur og aflitun á svæðum sem kunna að vera undir miklu álagi gefur til kynna að sá hluti rafskútunnar sé kominn á tíma, hafið þá samband við viðurkenndan þjónustuaðila.

 losanlegur rafmagnshlutur

## Umhverfis leiðbeiningar


Skútan inniheldur líthíum-ion rafhlöðu, en óvarkár losun slíkra rafhlöðana skaðar umhverfið. Fylgið eftirfarandi skrefum til að fjarlægja rafhlöðu áður en skútunni er fargað og fargið rafhlöðunum á réttan hátt:

1. Áður en rafhlöður eru fjarlægðar skulu þær vera tæmdar og gæta skal að skútan er aftengd hleðslutækinu. Skráfið svo botnplötuna af skútunni og fjarlægið hana.
2. Aftengið tengingu rafhlöðunnar og fjarlægið svo rafhlöðurnar. Forðist að tjóna rafhlöðurnar til að forðast slys. Ekki nota rafhlöðuna ef hún er skemmd, gefur frá sér undarlega lykt, gefur frá sér reyk, eða ofhitnar. Halda skal lekandi rafhlöðu burt frá öðrum hlutum.
3. Fargið rafhlöðunum hjá viðurkenndum endurvinnsluaðila.

Til þess að finna fullgilt þjónustuverkstæði, hafðu samband við okkur á [service@navee.tech](mailto:service@navee.tech)/[www.navee.tech](http://www.navee.tech)

## 2. Pakkningar

---




Rafmagnsvespa



Mikilvægar upplýsingar



QSG




Hleðslutæki



Sexkanntur


## Rafmagnsvespa



Skýringarmyndir í þessum bæklingi eru eingöngu til viðmiðunar, raunverulegt útlit gæti verið ólíkt skýringarmyndum.

## 3. Yfirlit vöru

### Mælaborð




- 1 Læsing: Þegar læsingarljósíð kviknar er rafhlaupahjólíð læst. Með NAVEE appinu læsirðu eða opnar rafhlaupahjólíð.
- 2 Bluetooth: merkið er alltaf virkt og gefur í skyn að skútan sé tengd við farsímann.
- 3 Ljós: Þegar kveikt er á vespu, ýttu á aflhnappinn til að kveikja/slökkva á aðalljósinu og afturljósinu. Að öðrum kosti geturðu virkjað sjálfvirka ljósskynjun í gegnum APPÍð. Á meðan á ferðinni stendur kveikja/slökkva á aðalljósinu og afturljósinu sjálfkrafa miðað við birtustig umhverfisins.

Athugið: Eftir að hafa virkjað sjálfvirka ljósskynjunaraðgerðina, ef þú kveikir eða slökkvir á ljósinu handvirkt, mun þessi aðgerð slökkva á tímabundið. Þú þarft að endurræsa rafmagnsvespuna til að hún taki gildi.


- 4 Blása upp dekkið: Þú getur stillt á áminningar fyrir dekkjaviðhald í NAVEE appinu. Þegar kveikt er á uppblásunarkerkinu, merkir það að tími sé kominn fyrir viðhald á dekkjunum

Ábending: Eftir viðhald, fylgdu leiðbeiningunum á appinu eða ýttu á bremsuna og startlykil á sama tíma til að slökkva á loftmælisáminningunni á mælaborðinu.

- 5 Villumelding: Þegar skiptilykils merkið er rautt hefur skútan lent í villu.
- 6 Hitastigsviðvörðun: Sé rafhlaðan of heit eða of köld kviknar á hitamælis merkinu. Notið eða hlaðið skútuna þegar rafhlaðan nær eðlilegu hitastigi.
- 7 Hraðamælir: Sýnir hraða skútunnar þegar hún er í notkun. Lendi skútan í vandræðum sýnir mælirinn villumeldingu. Þegar skútan er í hleðslu sýnir mælirinn hleðslustig.
- 8 Keyrstillingar:  er fyrir gang stillingu og er hámarkshraði 6 km/klst, afturljós blikkar rauðu ljósi þegar þessi stilling er virk. D er fyrir hefðbundna stillingu. S er fyrir sport stillingu.
- 9 Stig rafhlöðu: Stig rafhlöðunnar er sýnd með 5 strikum, hvert strik merkir um það bil 20% af hleðslu fullhlaðinnar
- 10 Stýrisvísir: Þegar það er kveikt á hlaupahjólunu ýttu á vinstri eða hægri stýristakkan, þá mun það stýrisljós sem var ýtt á blikka og vísirinn á stjórnborðinu. Á meðan þá mun koma hljóð á sömu tíðni og sama tíma, síðan ýtiru aftur á takkan til þess að slökkva á stýrisljósinu.



## Ræsitakki




Ræsitakki: Ýtið á takk (⏏) til að kveikja á skútunni, haldið takkanum (⏏) inni í 2 til 3 sekúndur til að slökka á skútunni. Ýtið einu sinni til að slökka/ kveikja á fram- og afturljósi þegar kveit er á skútunni, ýtið tvisvar til að skipta um keyrstu stillingu.


**Ábending:** Skóturinn slökkur sjálfkrafa þegar hann er í búðtæki í meira en 10 mínútur. Viðbúnaðhamurinn býðir að skóterinn sé hleyptur eða ekki læstur þegar hann er á og er ekki í gangi.

## 4. Samsetning

1. Setjið lóðréttu súluna í fullkomna upprétta stöðu, lýftið upp öryggislásnum og ýtið samanbrjótanlegum skiptilyklinum þétt inn á við. Opnaðu síðan sparkstandinn.





2. Ýttu á öryggislásinn og togaðu út stöngina. Snúðu svo stýrinu 90° rangsælis og ýttu stönginni inn.



## 5. Hleðsla


Skútan er fullhlaðin þegar LED ljósið á hleðslutækini verður grænt.



1. Opnaðu hleðslutengislókið.



2. Tengið hleðslutækið í hleðsluinnstunguna.



3. Eftir hleðslu, dragðu í klóna og lokaðu hleðslutengislökinu vel.

### VARÚÐ!


- Notið eingöngu upprunalega hleðslutæki skútunnar til að forðast tjón eða eldsvoða. Slökkvið á farartækini eða í sérstaka þartilgerða stillingu fyrir hleðslu.
- Hladdu hlaupahjólið innandyra, og aldrei hafa það í regni. Hlaðið skútuna ekki sé innstungin eða kapallinn blautur. Sé rafhlaðan skemmd eða blaut skal ekki hlaða rafhlöðuna eða halda áfram notkun hennar.



Þegar slökkt er á rafhlaupahjólínu í u.þ.b. mánuð og hleðslan er minni en 30% fer hjólið í svefnstillingu og þá er ekki hægt að kveikja á hjólínu. Til að taka svefnstillingu af þarf að hlaða hjólið í þrjár sekúndur til að virkja rafhlöðuna.

## 6. Tengdu þig við NAVEE appið


ATH: Fyrir þitt öryggi, getur nýja hlaupahjólíð þitt ekki verið virkjað að fullu fyrr en það er tengt við símann þinn. Það mun þá stanslaust eftir að kveikt er á því og hraðinn verður takmarkaður við 10 km/klst. Þegar hjólíð er notað í fyrsta skipti þarf það að vera virkjað í gegnum NAVEE appið, þar sem þú getur fylgt öryggisleiðbeiningum. Eftir virkjunina á hlaupahjólunum mun þú hætta, og hraðatakmarkuninni vera aflétt.




1. Skannaðu QR kóðann til að hlaða niður appinu og setja það upp, þar á eftir getur þú nýskráð þig eða skráð þig inn.



2. Kveiktu á hlaupahjólunum; blikkandi Bluetooth merki mun gefa það í skyn að hjólíð biði eftir tengingu.



3. Opnaðu NAVEE appið, veldu [Tengja mitt tæki] og fylgdu leiðbeiningunum til að tengja hlaupahjólíð þitt.



## Endurstilla Bluetooth

Gangið úr skugga um að kveikt sé á skútunni. Kreistið bremsuhandfangið og ýtið á ræsitakkann 5 sinnum til að endurstilla. Endurstilling hefur tekist þegar skútan gefur frá sér hljóðmerki.


## Endurstilla verksmiðjustillingar

Gangið úr skugga um að kveikt sé á skútunni. Kreistið bremsuhandfangið og haldið inni ræsitakkanum í 7 sekúndur á sama tíma. Þegar þú heyrir hljóðmerki hefur skútan verið endurstíll í verksmiðjustillingar. Þessi aðgerð eyðir öllum gögnum sem geymd voru í skútunni, vinsamlegast sýnið varúð.


**Athugið:** Skútan getur ekki verið stíll á verksmiðjustillingar þegar hún er á ferð eða læst.

## 7. Hefja akstur

### Athugið fyrir akstur




Athugið stöðu skútunnar fyrir hverja notkun, þar á meðal ástand dekkja, stöðu rafhlöðu og ástand skútunnar og gangið úr skugga um að enginn hluti skútunnar sé laus eða skemmdur.



Áður en þú ekur hjólinu, athugaðu vinsamlegast að nota ávallt hjálm, handa/úlniðahlífar, hnéhlífar, olnbogahlífar og annar hlífðarbúnað.

ATH: Athugaðu loftþrýsting í dekkjum áður en keyrt er af stað. Mælt er með þrýstingi á milli 45-50 psi.


## Byrjun og aukning



Stigið á þilfarið með einum fæti og notið hinn fótinn til að yta skútunni af stað. Settu hinn fótinn á þilfarið og haltu báðum fótum stöðugum, ýtið svo varlega á igjöfina.


**Ábending:** Þetta rafmagnshlaupahjól er knúið af rafmagnsmótor. Fyrir þitt eigið öryggi í akstri fer mótorinn ekki í gang fyrr en hraðinn nær 5 km/klst.

## Steering



Hallið líkamanum í þá átt sem beygt er og snúið stýri rólega.

## Að hægja á sér, hemlun og lagning hjólsins



Sleppið igjöf til að hægja á skútunni og kreistið bremsuhandfangið til að stöðva snögglega.



Þegar rafhlaupahjólið hægir á sér eða stoppar, settu annan fótinn á jörðina til að fara af hjólinu. Settu niður standarann þegar þú leggur hjólinu.

## LEGGINGARVIÐVÖRUN

- Ekki leggja hlaupahjólínu þínu í brekku.
- Gakktu úr skugga um að sparkstandurinn sé staðsettur á flötu yfirborði og að hlaupahjólíð sé nógu stöðugt til að standa eitt og sér áður en þú yfirgefur það.



**VARÚÐ:** Til að koma í veg fyrir að aðrir noti hjólíð í leyfisleysi læsirðu því þegar því er lagt.

## 8. Læsa/losa skóterinn þinn


Þegar rafhlaupahjólíð er læst er mótorinn læstur og öll tákni stjórnborðsins slökkva sjálfkrafa á sér nema Bluetooth og merkið um læsingu. Þegar rafhlaupahjólíð fer út fyrir tengingarsvið Bluetooth appsins aftengist það og þá slökknar á ljósinu.

Þegar rafhlaupahjólíð er læst í appinu, slökknar á mótornum og straumrofinn virkar ekki. Ef hjólíð er hreyft með valdi, virkar framhjólíð ekki eðlilega og það mun veita viðnám auk þess gefur það hjóðmerki og titringsviðvörðun í símann. Þessi aðgerð kemur ekki í veg fyrir að hjólínu sé stolið, svo geymdu hjólíð á öruggum stað. Eftir sólarhring í læsingu slökknar sjálfkrafa á rafmagnshlaupahjólínu og helst það þannig þegar kveikt er á því aftur. Til að opna hjólíð, þarftu að ýta á „aflæsa“ í appinu. Að læsa hjólínu eyðir orku hjólsins svo notaðu þessa aðgerð skynsamlega.




### Til fyrirbyggingar


**Athugið:** Lesið varlega og fylgið eftirfarandi öryggisupplýsingum áður en varan er notuð.




Þessi vara er einungis ætluð einni manneskju, ekki leyfa öðrum að standa á vörinni með þér.




Ekki reyna að aka upp eða niður stiga né reyna að stökkva yfir hindranir.




- ⊗ Ekki fara yfir hámarksburðargetu vörunnar (120 kg).




- ⊗ Ekki ýta á ígjöfina þegar skútan er reidd.



- ⊗ Ekki breyta stefnu skútunnar skyndilega á miklum hraða.




- ⊗ Forðist að reka höfuð í dyragáttir, lyftur eða aðrar hindranir.




- ⊗ Vinsamlegast ekki vera í háum hælum á hjólinu.  
Ekki setja fæturnar á afturhljóðina.



- ⊗ Ekki nota farsíma eða heyrnatól þegar skútan er notuð.



- ⊗ Ekki snerta bremsudiskinn.



- ⊗ Ekki hengja poka eða aðra þunga hluti á stýrið.






Vinsamlegast ekki hjóla í slæmu veðri eins og rigningu, snjó, þoku, hagli eða þegar það er hálfka. Ef þú lendir í ofangreindum aðstæðum á leiðinni skaltu ekki stíga á neyðarbræmsuna. Haltu þér í fjarlægð og hægðu á þér til geta stoppað. Þú getur gengið með hlaupahjólid þitt eða lagt það saman til flutnings.



Framkvæmið ekki hættulegar gjörðir á meðan skútunni er ekið, til dæmis með einum fæti eða einni hendi. Passið að báðar hendur og fætur séu á skútunni.



Nema viðeigandi lög segi til um annað skal skútunni ekki vera ekið á almennum vegum eða hraðbrautum.




Vinsamlegast hægjið á skútunni tímanlega sé ekið á ójafnan veg eða léleg vegskilyrði. Hægjið á skútunni eða stigið af henni. Vinsamlegast reynið að aka aðeins á jafnsléttum vegum.

## 9. Brjóta saman/opna & handmeðhöndlun


Slökkt VERÐUR að vera á skútunni áður en hún er brotin saman.

### Brjóta saman


1. Haltu í stýrið, ýttu á öryggislásinn og togaðu stöngina út. Snúðu svo stýrinu 90° réttsælis og ýttu stönginni inn.



2. Haltu neðst í stilkinn, ýttu á öryggislásinn, togaðu út stöngina, leggðu svo stilkinn saman.




3. Samræmið beltinu við krókin og festið saman.




### Meðhöndlun

Haldið stammanum með einni hendi eða báðum höndum til að bera skútuna.



### Opnun

Togið beltíð upp og takið af króknum. Haldið stammanum uppi og lyftið svo öryggislásnum, ýtið svo quick release handfanginu inn að enda.



Öryggis ráð: ALDREI setja hendurnar á milli liðanna þegar stammanum er lyft af skútunni til að forðast meiðslu.

## 10. umsjá & viðhald

### Þríf

Gangið úr skugga um að slökkt sé á skútunni, hleðslunúran sé aftengd og gúmmiflipinn sé lokaður á meðan þrífum stendur.

Strjúkið af grindinni með mjúkum, rökum klút. Notið tannbursta á erfiða bletti. Þurrkið svo öll svæði með þurrum klút.

### VARÚÐ!

- Ekki nota háþrýstidælu til að þrifa skútuna.
- Ekki þrifa skútuna með ætandi hreinsiefnum sem gætu skemmt yfirborð og innihald skútunnar.

### Rafhlaða

Hlaðið alltaf áður en rafhlaða er tæmd til að framlengja líftíma rafhlöðunnar.

Farið ekki yfir út fyrir meðmælt hitastig (sjá lýsingar) þegar skútunni er ekið, hún er geymd eða hlaðin. Sé öryggisráðstöfunum ekki fylgt gæti rafhlaða skemmt, hleðsla hætti að virka og ábyrgð falli úr gildi.

Fullhlaðin rafskúta getur staðið í um það bil 120-180 daga. Sé rafskútan ekki notuð í langan tíma skal hún vera hlaðin á 30 daga fresti. Vinsamlegast fylgist með stöðnunartíma rafskútunnar til að koma í veg fyrir óafturkræfan skaða á rafhlöðu.

### VARÚÐ!

- Notið ekki rafhlöðupakka frá öðrum gerðum eða vörumerkjum þar sem það kann að minnka öryggi vörunnar.
- Notið einungis upprunalega hleðslutækið til að koma í veg fyrir mögulegt tjón eða eldsvoða.
- Sé rafhlaðan skemmt eða blaut skal hætta hleðslu og notkun þess.
- Fjarlægjið ekki rafhlöðuna. Að fjarlægja rafhlöðuna er flókið og sé það ekki gert varlega gæti það haft áhrif á afkastagetu rafskútunnar.

### Geymsla

Rafskútan skal vera fullhlaðin sjáir þú fram á að nota ekki skútuna í langan tíma, slökkvið á henni og geymið á köldum, þurrum stað. Hlaðið rafskútuna aftur að minnsta kosti á 2 mánaða fresti til að koma í veg fyrir tjón á rafhlöðu. Gangið úr skugga um að slökkt sé á rafskútunni þegar hún er flutt til og geymið í upprunalegum pakkingum sé það mögulegt.


### VARÚÐ!

- Vinsamlegast skiljið rafskútuna ekki eftir í beinu sólarljósi eða mjög röku umhverfi til lengri tíma.
- Vinsamlegast ekki setja hlaupahjólíð nálægt eldfimur efnum.
- Þessi vara inniheldur innbyggða líthíum rafhlöðu og skal vera flutt á milli staða líkt og lög og reglugerðir segja til um.

## Blása upp dekk

Athugið dekkja þrýsting mánaðarlega og bætið lofti í dekkinn vanti loft. Mælt er með að viðhalda 45-50 psi þrýstingi í dekkjunum.

**VARÚÐ!** Umfelgun er mjög flókin framkvæmd. Vinsamlegast takið ekki dekkinn af skútunni. Óvarkár meðhöndlun gæti haft áhrif á virkni rafskútunnar. Vinsamlegast leitið til fagaðila.




## Stilling diskabremsunnar

Tól: 4 mm sexkanntur (fylgir ekki)

Áður en stillt er skal gangið úr skugga um að slökkt sé á hlaupahjólinu og að það sé ekki í hleðslu.

Dragið enda bremsusnúrunnar á meðan stillingu stendur til að strekka á snúrunni. Notið tólið til að losa skrúfuna sé bremsan of þétt með því að snúa henni rangsælis, dragið diskabremsu arminn út og herðið síðan skrúfuna. Notið tólið til að losa skrúfuna sé bremsan of laus með því að snúa henni rangsælis, ýtið diskabremsuarminum áfram og herðið síðan skrúfuna.



## Viðhaldsáætlun rafskútu (meðmæli):

Með því að viðhalda rafskútunni reglulega getur þú haldið hlaupahjólunu snýrtilegu og í góðu ástandi, komið í veg fyrir öryggishættur, dregið úr bilunum, hægt á hrörnun hlaupahjólsins og lengt líftíma hlaupahjólsins.

Atriði	Þjónusta hlutur	Aðgerðir	Mánaðarlega	Á 3 mánaða fresti	Á 500 km / 6 mánaða fresti	Á 1000 km / 1 árs fresti	Á 10000 km / 3 ára fresti
Dekk	Dekkjaþrýstingur	Þeytið dekkið þar til þrýstingur þess nær 45-50 psi.	✓		✓	✓	✓
	Slit á dekkjum	Athugið hvort dekkið sé sprungið, aflagað, slitið o.s.frv.			✓	✓	✓
Skrúfur	Samsetningarskrúfur handfangs	Herðið skrúfuna sem tengir stýrissamsetninguna við stamma samsetninguna (með ráðlögðu 4,8 ± 0,2 N·m snúningsátaki).		✓	✓	✓	✓
		Herðið hraðaskrúfuna (með ráðlögðu 1,6 ± 0,1 N·m snúningsátaki).					
		Herðið bremsuhandfangs skrúfuna (með ráðlögðu 5 ± 0,2 N·m snúningsátaki).				✓	✓
	Diskabremsuklafi	Herðið skrúfuna sem festir diskabremsuklafann (með ráðlögðu 3,5 ± 0,5 N·m snúningsátaki).			✓	✓	✓

Atriði	Þjónustu hlutur	Aðgerðir	Mánaðarlega	Á 3 mánaða fresti	Á 500 km / 6 mánaða fresti	Á 1000 km / 1 árs fresti	Á 10000 km / 3 ára fresti
Virki	Bremsstilling	<p>Áður en stillt er skal gangið úr skugga um að slökkt sé á hlaupahjólínu og að það sé ekki í hleðslu.</p> <p>Verkfæri: 4 mm sexkanntur (notandi þarf að útvega verkfærið).</p> <p>Dragið enda bremsusnúrunnar á meðan stillingu stendur til að strekkja á snúrunni.</p> <p>Athugasemdir:</p> <p>-Notið tólið til að losa skrúfuna sé bremsan of þétt með því að snúa henni rangsælis, dragið diskabremsu arminn út og herðið síðan skrúfuna. Notið tólið til að losa skrúfuna sé bremsan of laus með því að snúa henni rangsælis, ytið diskabremsuarminum áfram og herðið síðan skrúfuna.</p>			√	√	√
	Hleðsla	<p>Hlaðið hlaupahjólíð við hæfilegt hitastig. Merkingin á hleðslutækinu er rautt þegar hlaupahjólíð er í hleðslu og verður grænt þegar hlaupahjólíð er fullhlaðið. Stjórnborðið sýnir hleðslustöðu á meðan hleðslu stendur.</p>			√	√	√
	Stýring	<p>Snúið stýrinu 60° til vinstri og hægri til að ganga úr skugga um að snúningshornið sé rétt og stýrið sé laust við mótstöðu og kyrrstöðu.</p>				√	√
Mikilvægir þættir	Samsetning rafhlöðu	<p>Hlaðið hlaupahjólíð að fullu áður en það er látið standa ónotað í langan tíma og kveikið á því til að hlaða það á 60 daga fresti.</p>					√

þegar hjól, bremsuklossar og aðrir viðkvæmir hlutar eru slitnir eða skemmdir og þarf að skipta um, vinsamlegast hafðu samband við eftirsöluþjónustuna tímanlega.

# 11. Lýsingar

Vara	Nafn	NAVEE Rafskúta			
	Gerð	V40i-E	V40i-D	V50i-E	V50i-D
Mál	Farartæki: L x B x H (mm) <sup>[1]</sup>	1147 x 572 x 1158		1146 x 573 x 1156	
	Pakkað saman: L x B x H (mm)	1194 x 163 x 513		1194 x 163 x 514	
Nettó þyngd	Nettóþyngd farartækis (kg)	17,7		18,3	
Notandi	Burðargeta (cm)	25-120			
	Aldur (ár)	16-50			
	Yfirbygging (cm)	120-200			
Samsett rafskúta	Hámarkshraði (km/klst)	25	20	25	20
	Almenn drægni (km) <sup>[2]</sup>	U.þ.b. 40		U.þ.b. 50	
	Hámarks klífur gráða (%)	U.þ.b. 18			
	Víðeigandi yfirborð notkunar	Malbik eða steypтур vegur, með hólum að hámarki 1 cm eða sprungum þrengri en 3 cm			
	Hitastig við notkun (°C)	-10 til 40			
	Hitastig við geymslu (°C)	-20 til 45			
	IP einkun	IPX5			
	Hleðslutími (klst)	U.þ.b. 6		U.þ.b. 8	
Rafhlióðu pakki	Gerð	T2208-BA3A		T2211-BA4A	
	Jafnstraums volt (VDC)	36			
	Hámarks hleðslu volt (VDC)	42			
	Orkuflokkur (Wh)	275,4		367,2	
	Snjall rafhlöðukerfi	Ofhitnun, skammhlaup, of mikill straumur, of mikið útstreymi og ofhleðslu vörn			
	Eðlilegt hleðsluhitastig (°C)	0 til 40			
	Afkastagetá (Ah)	7,65		10,2	
Hjóla mótór	Aflgeta (kW; W)	0,35; 350			
Hleðslutæki	Gerð <sup>[3]</sup>	LI-0554200130NA			
	Straumúttak (kW; W)	0,0533; 53,3			
	Strauminntak	100-240 V~ 50-60 Hz			
	Hámarks straumúttak (VDC)	42,0			
	Úttak (VDC; A)	41,0; 1,3			
Dekk	Fram & afturdökk	10 tommu loftdekk			
Bluetooth	Tíðnisvið	2,4000-2,4835 GHz			
	Hámarks RF kraftur (dBm)	8			

[1] Hæð farartækis: Frá jörðu og að efsta punkti skútunnar

[2] Almenn drægni: Drægni er mæld án loftmótstöðu, við 25°C og á stöðuga hámarkshraðanum 15 km/klst á jafnsléttu yfirborði með 75 kg þyngd.

[3] Notið einungis hleðslutækið sem fylgir í pakkanum til að hlaða rafhlióðuna. Vinsamlegast skoðið breytur rafhlióðunnar í Lýsingu.

## 12. Einkaréttur og lagayfirlýsing

NAVEE er skráð vörumerki Suzhou Brightway Ltd., og allur réttur er áskilinn.

## 13. Öryggis viðvörun



Hætta!  
Lestu notendahandbók fyrir notkun.



VARÚÐ!  
Lestu vandlega og geymdu til að lesa síðar.



VARÚÐ  
Heitt yfirborð



Látið ekki raka komast í þetta



Ljós



SMPS sem inniheldur skammhlaupsheldan öryggiseinangrunarspenni (í eðli sínu eða ekki)



SMPS (Skiptihams-aflgjafaeyning)



Öryggislekkur með tímátöf þar sem X táknar tíma/straums einkenni eins og er í IEC60127



VARÚÐ!  
Aðeins til notkunar innandyra (fyrir hleðslutækið).



VIÐVÖRUN  
Flokkur II tæki



VARÚÐ  
Beittar brúnir



≤5000m

Hleðslutækið er ætlað til notkunar í hæð sem er undir 5000m.



Stýrisljós



Jafnstraumur



Riðstraumur



Pólun útgangslæðslutækis, jákvætt í miðju



## 14. Úrræðaleit

Villukóðar	Ástæður	Lausnir
10	Bilun í mælaborði	Vinsamlegast hafðu samband tímanlega við þjónustu eftir sölu fyrir greiningu og viðgerð.
11/12/28/29/40	Bilun í stjórnanda	
14	Bilun í bensingjafa	Athugaðu hvort bensingjöfin sé komin aftur í rétta stöðu, annars getur hjólið ekki gengið eðlilega.
		Vinsamlegast hafðu samband tímanlega við þjónustu eftir sölu fyrir greiningu og viðgerð ef raflögn fyrir inngjöfina er laus eða skemmd.
15	Bremsubilun	Athugaðu hvort bremsuhandfangið sé komið aftur í rétta stöðu, annars getur það ekki gengið eðlilega.
		Ef vir bremsuhandfangsins losnar eða skemmist, vinsamlegast hafið samband við þjónustu eftir sölu til að skoða og gera við.
18	Bilun í mótör	Vinsamlegast hafðu samband tímanlega við þjónustu eftir sölu fyrir greiningu og viðgerð.
50	Rafhlóðupakki yfir hitastigi	Látið hlaupahjólið kólna og notið það ekki fyrr en hitastigið er komið í eðlilegt horf.

## 15. Viðurkenningar

### Tilskipun um takmarkanir á notkun hættulegra efna (RoHS)

Þessi Brightway Innovation Intelligent Technology (Suzhou) Co., Ltd. vara, ásamt fylgihlutum (kaplar, snúrur og svo framvegis) standast takmarkanir á notkun ákveðinna skaðlegra efna í raf- og rafeindabúnaði 2011/65/EU Annex II og breyttri tilskipun (EU) 2015/863.

### Samræmisyfirlýsing ESB



Tæki þetta fullnægir kröfum ESB um takmörkun á nálægð almennings við rafeindasvið sem heilsuvörn. Brightway Innovation Intelligent Technology (Suzhou) Co., Ltd. lýsir því hér með yfir að útavrpsbúnaðsgerð: V40I-E, V40I-D, V50I-E og V50I-D er samkvæmur tilskipun 2014/53EU og 2006/42/EC. Allur textinn um samræmisyfirlýsingu ESB má nálgast á eftirfarandi vefslóð: [www.naveetech.com](http://www.naveetech.com)

### Samræmisyfirlýsing Evrópusambandsins Upplýsingar um endurvinnslu rafhlöðu fyrir Evrópusambandið



Rafhlöður eða pakkingar rafhlaðna eru merktar í samræmi við Evrópskar tilskipanir 2006/66/EC og breytingartillögu 2013/56/EU varðandi rafhlöður og rafgeyma og förgun rafhlaðna og rafgeyma. Tilskipunin ákvarðar lagaramma skilunar og endurvinnslu notaðra rafhlaðna og rafgeyma eins og á við innan Evrópusambandsins. Þessi merking fylgir ýmsum rafhlöðum til að taka fram að rafhlöðunni skal ekki vera fleygt í rusl heldur endurunnið við enda líftíma síns samkvæmt tilskipun þessari.

Í samræmi við Evrópsku tilskipunina 2006/66/EC og breytingartillögu 2013/56/EU skulu rafhlöður og rafgeymar vera merktir svo skýrt sé að þeim skal vera safnað sér í lagi og endurunnr við enda líftíma þeirra. Merkingin á rafhlöðunni má einnig sýna efnaferki vegna málmanna í rafhlöðunni (Pb fyrir blý, Hg fyrir merkur og Cd fyrir kadmíum). Notendur rafhlaðna og rafgeyma mega ekki undir neinum kringumstæðum farga rafhlöðum og rafgeymum sem óflotkuðu rusli heldur nota þær þjónustur sem standa þeim til boða til að skila inn, endurvinnna og meðhöndla rafhlöður og rafgeyma. Þátttaka viðskiptavina er mikilvæg til að minnka mögulegar verkanir rafhlaðna og rafgeyma á umhverfið og heilsu fólks sökum mögulegra hættulegra efna.

Áður en raf- og rafeindatæki (EEE) eru sett í ruslvinnslu eða ruslasöfnun þjónustur skulu notendur tækja sem innihalda rafhlöður og/eða rafgeyma fjarlægja rafhlöður og rafgeyma svo hægt sé að farga þeim sér í lagi.

### Tilskipun um förgun raf- og rafeindatækja (WEEE)



Allar vörur sem bera merki þetta eru raf- og rafeindatæki sem skal farga (WEEE sbr. tilskipun 2012/19/EU) og skal ekki vera blandað við almennt sorp. Þess í stað ber notanda skylda að vernda heilsu fólks og umhverfis síns með því að afhenda búnað til förgunar til viðurkenndra förgunaraðila raf- og rafeindatækja samkvæmt tilmlæum yfirvalda. Rétt förgun og endurvinnsla kemur í veg fyrir mögulega neikvæð áhrif á umhverfi og heilsu fólks. Vinsamlegast hafið samband við uppsetningaraðila eða yfirvöld fyrir frekar upplýsingar varðandi staðsetningu þessara þjónustna og notkunarskilmála slíkra söfnunaraðila.

## 16. Ábyrgð

Ef varan er ennþá innan ábyrgðartímans frá kaupdegi munum við gera við, skipta um eða skila henni án endurgjalds eftir atvikum, ef það er staðfest af framleiðanda eða söluaðila að hún sé gölluð eða skemmd vegna gæðagalla við venjulega notkun. Nema annað sé tekið fram í viðeigandi lögum, er ekki víst að varan eða íhluturinn sem notaður er til að skipta út sé nýr, en skilar engu að síður vel og jafngildir að minnsta kosti upprunalegu vörunni eða íhlutum í virkni. Ábyrgðartíminn reiknast frá fyrsta kaupdegi vörunnar, með fyrirvara um dagsetningu reiknings. Ef ekki er til gildur reikningur skal ábyrgðartími reiknast frá framleiðsludegi auk þriggja mánaða. Ef reikningsdagur er síðar en raunverulegur afhendingardagur vöru skal ábyrgðartími reiknast frá raunverulegum afhendingardegi. Vörunnar sem hafa verið lagfærðar eða skipt út skulu halda áfram að njóta ábyrgðar það sem eftir er af ábyrgðartímabilinu, þó ekki skemur en þrjátíu (30) daga. Fyrir umsókn um ábyrgð, vinsamlegast hafðu samband við framleiðanda eða dreifingaraðila vörunnar og fylgdu leiðbeiningunum. Þegar sótt er um ábyrgð skal leggja fram nákvæman, tilbúinn og skýran gildan sölu-reikning. Ofangreind ábyrgð á ekki við um bilun eða skemmdir af völdum: (a) misnotkunar, misbeitingu eða óviðeigandi flutnings, viðhalds eða geymslu, svo sem en takmarkast ekki við notkun, geymslu eða viðhalds við óviðeigandi hitastig, rakastig eða aðrar óviðeigandi umhverfisáðstæður. ; (b) óviðráðanlegar aðstæður eða óhöpp, net- eða rafmagnstruflanir og aðrar ástæður sem við höfum ekki stjórn á; (c) að gera við eða fjarlægja hluti án leyfis frá framleiðanda; (d) hvernig tjón hefur orðið vegna vara eða þjónustu þriðja aðila; (e) öðrum tilgangi en þeim sem varan hefur verið tilnefnd eða ætluð fyrir; (f) að nota vöruna í vanhelgi við vöruleiðbeiningarnar; (g) að nota vöruna í viðskiptalegum tilgangi; eða (h) uppsafnaður kílómetrafjöldi skráð af yfirbyggingu hlaupahjóls hefur farið yfir 2000 km. Venjulegt slit eða öldrun, rispur, núning og vandamál sem stafa af notkun húðunar, leysiefna eða annarra efna við almenna notkun vörunnar falla ekki undir ábyrgðina. Ef upprunalega auðkennismerki vörunnar er breytt eða skemmt er þessi ábyrgð ógild. Ráðvendi og heilleiki vara og meðfylgjandi efnið fellur ekki undir ábyrgðina. Þú ættir að skoða vörunnar á staðnum þegar þú færð þær og andmæla því ef það eru ósamræmi/frávik. Ofangreind ábyrgðaryfirlýsing á við um vörur okkar. Þessi ábyrgð veitir sérstök lagaleg réttindi og önnur réttindi sem þú gætir átt samkvæmt lögum. Ekkert í þessu skjali hefur áhrif á réttindi þín á þann hátt sem er ekki viðkvæm fyrir útilokun eða takmörkun í samræmi við lög.

## Ábyrgðarupplýsingar fyrir vöruna:

Þessi vara er sú sama og allir vélrænir hlutar. Hlaupahjólíð þolir mikið álag og slit. Ýmis efni og íhlutir (vélbúnaður hlaupahjólís, öxull) geta brugðist öðruvísi við sliti eða þreytu. Ef íhluturinn hefur náð áætluðum endingartíma geta þeir brotnað skyndilega og valdið hættu á meiðslum. Ef einhver vandamál finnast, vinsamlegast gerðu við og skiptu hlutumum í tæka tíð. Ef það eru sprungur, rispur og mislitun á svæðinu undir miklu álagi bendir það til þess að íhluturinn hafi farið yfir endingartíma. Vinsamlegast hafðu samband við framleiðanda eða söluaðila til að skipta um íhlut eins fljótt og hægt er.

Navee veitir ábyrgðarþjónustu í samræmi við staðbundnar reglur, en mismunandi hlutar hafa mismunandi ábyrgðartímabil. Fyrir frekari upplýsingar, vinsamlegast hafðu samband við opinbera Navee eða söluaðila á staðnum.

## Ábyrgðarskírteini

Við kaup á vöru mælum við með því að þú fyllir skýrt út eftirfarandi upplýsingar og festir söluinnsiglið til að vernda lögmat réttindi þín og hagsmuni þína:

Notandaupplýsingar	Fullt nafn		Netfang
	Póstfang		
	Símanúmer		Póstnúmer
Vöruupplýsingar	Nafn vöru		Dagsetning sölu
	Vörulíkan		Reikningsnúmer
Upplýsingar um söluaðila	Nafn		Símanúmer
	Heimilisfang		Póstnúmer
<p>Athugið:</p> <p>(1) Þetta eyðublað skal staðfesta með innsigli seljanda.</p> <p>(2) Fyrir vörur sem gilda um viðeigandi "þriggja ábyrgða" reglugerð, jafngildir þetta ábyrgðarskírteini "þriggja ábyrgðarskírteini".</p> <p>(3) Viðhaldsskráin er háð skírteini sem viðurkennd þjónustufyrirtæki gefa út. Vinsamlegast geymdu það á öruggum stað eftir að þú hefur sótt um þjónustu.</p>			

# Hleðslutæki

## VIÐVÖRUN

1. Hleðslutækið er eingöngu hannað til notkunar innandyrna. Má ekki rigna eða snjóa á það.
2. Ekki nota fyrir óhlaðanlegar rafhlöður, þar sem þær geta ofhitnað og skemmd.
3. Misnotkun á öðrum gerðum af rafhlöðu getur sprungið og valdið meiðslum og skemmdum.
4. Ekki brenna, taka í sundur eða skammhlaupa rafhlöður.
5. Ef afköst rafhlaðanna minnka verulega er kominn tími til að skipta um rafhlöður.
6. Geymið hleðslutækið á svölum og þurrum stað þegar það er ekki í notkun.
7. Aftengdu rafmagníð áður en tengingar við rafhlöðuna eru gerðar eða rofnar.
8. Sprengiefni. Komið í veg fyrir eld og neista. Tryggðu nægilega loftræstingu meðan á hleðslu stendur.
9. Á meðan á hleðslu stendur verður rafhlaðan að vera staðsett á Vel Loftræstu svæði.
10. Geymið rafmagnstæki þar sem börn eða veikburða einstaklingar ná ekki til. Ekki láta þá nota tækin án eftirlits.
11. Þetta tæki er ekki ætlað til notkunar fyrir einstaklinga (þar með talið börn) með skerta líkamlega, skynræna eða andlega getu eða skort á reynslu og þekkingu, nema undir eftirliti eða hafa fengið leiðbeiningar um notkun tækisins af einstaklingi sem ber ábyrgð á öryggi þeirra.
12. Þetta tæki má nota af börnum 8 ára og eldri og einstaklingum með skerta líkamlega, skynræna eða andlega getu, eða einstaklingum án reynslu og þekkingu ef þeir eru undir eftirliti eða ef þeir fá leiðbeiningar um notkun tækisins á öruggan hátt og skilja hættuna sem því fylgir. Börn mega ekki leika sér með tækið. Börn mega ekki þrifa eða sinna viðhaldi án eftirlits fullorðins.
13. Ekki er hægt að skipta um ytri sveigjanlega snúru þessa spennis; ef snúran er skemmd skal hætta að nota spenninn.
14. Ef rafmagnssnúran er skemmd verður að skipta henni út fyrir sérstaka snúru eða samsetningu sem fæst hjá framleiðanda eða þjónustuaðila hans.

## Leiðbeiningar um hleðslu

1. Tengdu hleðslutækið beint við aflugjafa. Notaðu aldrei framlengingarsnúrur.
2. Hleðslutækið getur aðeins hlaðið litiumjóna-rafhlöðu LI-0554200130NA.
3. Forðastu öfuga hleðslu.
4. Hleðslutækjunum er ekki ætlað að hlaða rafgeyma

# Rafhlöðu pakki

## VIÐVÖRUN

1. Ekki taka í sundur, opna eða tæta rafhlöður.
2. Geymið rafhlöður þar sem börn ná ekki til. Hafa skal eftirlit með rafhlöðunotkun barna. Sérstaklega geymið litlar rafhlöður þar sem litil börn ná ekki til.
3. Leitaðu tafarlaust til læknis ef batterí eða rafhlaða hefur verið gleypst.
4. Ekki láta batterí eða rafhlöður vera nálægt hita eða eldi. Forðist geymslu í beinu sólarljósi.
5. Ekki skammhlaupa batterí eða rafhlöðu. Ekki geyma batterí eða rafhlöðu tilviljunarkennt í kassa eða skúffu þar sem þær geta snerts og skammhleypst hvor aðra eða skammhlaup hlotist af öðrum málmhlutum.
6. Ekki fjarlægja batterí eða rafhlöðu úr upprunalegum umbúðum fyrr en við notkun.
7. Ekki láta batterí eða rafhlöður verða fyrir vélrænu stuði.
8. Ef batterí lekur, ekki leyfa vökvanum að komast í snertingu við húð eða augu. Ef snerting verður, þvoðu viðkomandi svæði með miklu magni af vatni og leitaðu til læknis.
9. Ekki nota annað hleðslutæki en það sem er sérstaklega ætlað til notkunar með búnaðinum.
10. Fylgstu með plús (+) og mínus (-) merkingum á batteríinu, rafhlöðunni og búnaðinum og tryggðu rétta notkun.
11. Ekki nota neinar rafhlöður sem eru ekki hannaðar til notkunar með búnaðinum.
12. Ekki blanda saman rafhlöðum frá mismunandi framleiðendum, af mismunandi getu, stærð eða gerð innan tækis.
13. Kaupu alltaf rafhlöðuna sem framleiðandi tækisins mælir með fyrir búnaðinn.
14. Haltu batteríum og rafhlöðum hreinum og þurrum.
15. Þurrkaðu batteríin eða rafhlöðurnar með hreinum og þurrum klút ef þau verða óhrein.
16. Hlaða þarf auka rafhlöður og rafhlöður fyrir notkun. Notaðu alltaf rétt hleðslutæki og skoðaðu leiðbeiningar framleiðanda eða tækjahandbók fyrir réttar hleðsluleiðbeiningar.
17. Ekki skilja rafhlöðu lengi eftir í hleðslu þegar hún er ekki í notkun.
18. Eftir langan geymslutíma getur verið nauðsynlegt að hlaða og tæma batteríin eða rafhlöðurnar nokkrum sinnum til að ná hámarks afköstum.
19. Geymdu vörubæklinginn. Þú gætir þurft að lesa hann síðar.
20. Notaðu batteríið eða rafhlöðuna aðeins í því tæki sem það var ætlað fyrir.
21. Fjarlægðu rafhlöðuna úr búnaðinum, þegar mögulegt er, þegar það er ekki í notkun.
22. Fargaðu á réttan hátt.

